

Ár 2013, þriðjudaginn 1. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir Eypór H. Ólafsson í forföllum Guðmundar Þórs Guðjónssonar og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði hún fram breytingartillögu um að við bætist liður 3.2. minnisblað frá skólastjóra Grunnskólans. Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

## 1. Bréf sem borist hafa frá:

### 1.1. Fjárlaganefnd Alþingis frá 26. september 2013.

Í bréfinu er fulltrúum sveitarfélaga boðið til fundar með fjárlaganefnd Alþingis.

Forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra falið að hitta nefndina.

### 1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 18. september 2013.

Í bréfinu er rætt um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fræðsluþing sem Vitundarvakning stendur fyrir víða um land í október 2013.

Lagt fram til kynningar. Upplýsingarnar verða sendar til þeirra sem málið varðar í sveitarfélaginu.

### 1.3. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 17. september 2013.

Í bréfinu er boðað á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður miðvikudaginn 2. október á Hilton Hótel Nordica.

Lagt fram til kynningar en fulltrúi Hveragerðisbæjar verður Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

### 1.4. Velferðarráðuneytinu frá 25. september 2013.

Í bréfinu er áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma.

Lagt fram til kynningar.

### 1.5. Nefndasviði Alþingis frá 23. september 2013.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn sveitarfélagsins um þingsályktunartillögu um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.

Bæjarráð er sammála því sjónarmiði að skipta þarf tekjum sem myndast vegna náttúruauðlinda þjóðarinnar með sem réttlátustum hætti milli íbúa landsins. Aftur á móti getur bæjarráð ekki annað en gert athugasemdir við það sjónarmið sem fram kemur í tillögunni að einungis íbúar í sjávarútvegssveitarfélögum og orkusveitarfélögum skuli njóta arðs af auðlindum sem sannarlega eru í sameiginlegri eigu okkar allra. Þeim arði þarf að skipta með þeim hætti að allir íbúar landsins fái þar hlutdeild óháð búsetu þeirra.

1.6. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. september 2013.**

Í bréfinu er rætt um stöðu mála vegna samnings sveitarfélaga við Fjölís.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Þjóðskrá Íslands frá 25. september 2013.**

Í bréfinu er kynnt skýrsla Þjóðskrár um fasteignamat og brunabótarmat.

Lagt fram til kynningar.

1.8. **Umboðsmanni barna frá 23. september 2013.**

Í bréfinu er rætt um kynningu á starfsemi embættisins sem umboðsmaður barna hefur boðið skólum, félagasamtökum og þeim sem vinna með börn. Þetta árið mun embættið sérstaklega bjóða ungmennaráðum á kynningu.

Bæjarráð vísar erindi Umboðsmanns til menningar- og frístundafulltrúa sem hefur yfirumsjón með starfsemi ungmennaráðs.

1.9. **Umhverfisstofnun frá 24. september 2013.**

Í bréfinu er boðað á ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga 24. október 2013.

Lagt fram til kynningar.

1.10. **Securitas hf frá 20. september 2013.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær endurskoði afstöðu sína um farandgæslu á svæðinu.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2014.

1.11. **Grænum hælum frá 23. september 2013.**

Í bréfinu er rætt um umhverfisvottunina EarthCheck en þau samtök eru þau einu í heiminum sem votta sveitarfélög og borgir.

Lagt fram til kynningar.

1.12. **Björgu Ólafsdóttur, ódagsett.**

Í bréfinu óskar bréfitari eftir að taka að leigu hluta af landi sem Hveragerðisbær á og liggur að landi Gljúfurárholts.

Umræddu landi hefur þegar verið ráðstafað til Hestamannafélagsins Ljúfs sem fengið hefur það til afnota til hrossabeitar. Því getur bæjarráð ekki orðið við erindi bréfitara.

## 2. Fjárhagsleg málefni:

### 2.1. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun, ýmsir liðir frá 26. september 2013.**

Lagður fram viðauki frá skrifstofustjóra um ýmsa liði.

Bæjarráð samþykkir eftirtalda viðauka við fjárhagsáætlun.

Liður 11-27 Sláttur og áburður hækki um 700.000.-

Liður 13-03 Markaðsstofa hækki um 800.000.-

Liður 21-07 Endurskoðun hækki um 2.000.000.-

Liður 21-01 Sérfræðiþjónusta hjá bæjarstjórn hækki um 1.500.000.-

Liður 31-37 Viðhald grunnskóla lækki um 2.000.000.-

Liður 31-38 Viðhald leikskólans Undralands lækki um 500.000.-

Liður 11-01 Blómasýning lækki um 2.500.000.-

Breytingarnar á rekstri er jöfn aukning á tekjum og gjöldum.

Viðaukinn hefur því ekki áhrif á sjóðsstreymi.

### 2.2. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun v/ afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum frá 25. september 2013.**

Skrifstofustjóri óskar eftir viðauka á fjárhagsáætlun v/ afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum.

Bæjarráð samþykkir viðaukann 1.500.000.- Auknum útgjöldum verði mætt með hækkun skatttekna.

### 2.3. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjól frá 26. september 2013.**

Menningar- og frístundafulltrúi sækir um viðauka við fjárhagsáætlun vegna launakostnaðar í Félagsmiðstöðinni Skjálftaskjól að upphæð kr. 700.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. 700.000.- fari af lið 21-01-9980.

### 2.4. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá leikskólanum Undralandi frá 25. september 2013.**

Leikskólinn Undraland sækir um viðauka við fjárhagsáætlun vegna tölvukaupa að upphæð kr. 121.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. 121.000.- fari af lið 21-01-9990

### 2.5. **Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 23. september 2013.**

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna samkomulags um akstur skólabarna úr Skólaseili í Hamarshöll.

Bæjarráð samþykkir samninginn sem ekki mun fela í sér fjárhagslegan útgjaldaauka fyrir bæjarfélagið.

2.6. **Rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar jan- ágúst 2013.**

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar fyrir janúar til ágúst 2013.

Lagt fram til kynningar.

3. **Tæknileg málefni:**

3.1. **Drög að fundarplani bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar haustið 2013.**

Lagt fram til kynningar drög af fundarplani bæjarstjórnar / bæjarráðs Hveragerðisbæjar haustið 2013.

3.2. **Minnisblað frá skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði frá 30. september 2013.**

Lagt fram minnisblað frá skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði vegna húsnæðismála Skólasels.

Bæjarráð samþykkir tillögu skólastjóra um að skólavistun fyrsta bekkjar verði starfrækt í Mjólkurbúinu og vistun eldri hópsins færast í Fljótsmörkina þangað til varanleg lausn finnst á húsnæðismálum.

4. **Verkfundagerðir:**

4.1. **Jarðvegsframkvæmdir í Hveragerði frá 23. september 2013.**

Fundargerðin samþykkt.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga frá 20. september 2013.**

5.2. **Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 18. september 2013.**

5.3. **Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. september 2013**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:48

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)